


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambykkt: SHJ		
Síða 1 af 3	<b>Námsáætlun DANS2OM05 (Fjarnám)</b>	
	<b>Vorönn 2018</b>	

<b>Kennari</b>	<b>Annette J. de Vink</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>AJV</b>
----------------	---------------------------	---------------	------------

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á lestur texta, ritun, skilning á töluðu máli og munnlega tjáningu. Einnig er lögð áhersla á að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Farið verður í flóknari atriði en áður í danskri málfræði. Dönsk menning er kynnt með það að markmiði að vekja áhuga á henni. Nemandinn vinnur sjálfstætt og í hóp að viðameiri verkefnum í formi kynninga og ritunarverkefna. Lögð er áhersla á að nemandinn beri ábyrgð á eigin námsframvindu og sé meðvitaður um mismunandi aðferðir og hjálpargögn til að tileinka sér tungumál.

### Markmið:

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**


- mismunandi lestraraðferðum eftir tilgangi lesturs
- almennum málfræðireglum
- helstu menningarsvæðum þar sem danska er töluð
- dönsku þjóðlífi og menningu og hvernig danskan opnar aðgang að norræna menningarsvæðinu
- helstu hjálpargögnum, orðabókum, þýðingarvélum, uppsláttarritum og kennsluforritum

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- lesa fjölbreytta texta um ólík efni
- beita lestraraðferðum sem henta hverju sinni
- beita meginreglum danskrar málfræði, hljóðfræði og setningafræði í ræðu og riti
- skilja talað mál og algengustu orðasambönd
- tjá sig skýrt í ræðu og riti um málefni sem hann hefur kynnt sér
- nota orðabækur og viðeigandi hjálpargögn

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- skilja inntak ritmáls um almenn og sérhæfð efni sem hann þekkir til eða hefur áhuga á
- skilja talað mál í samtali og í fjölmiðlum
- verða sjálfbjarga í upplýsingaöflun
- leysa úr viðfangsefnum einn eða í samstarfi við aðra
- auka meðvitund um eigin færni í tungumálinu og eigin leiðir til að tileinka sér málið

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3	<b>Námsáætlun DANS2OM05 (Fjarnám)</b>	<b>Vorönn 2018</b>

### Námsgögn:

<ol style="list-style-type: none"> <li>DANS2OM05, tekster, opgaver og DANS2OM05 tre noveller. <b>2 hefti á Moodle.</b></li> <li>Dansk grammatik. Hefti. Útg. VMA 2011. <b>Á Moodle.</b></li> <li>Skáldsagan <b>Skjulte fejl og mangler</b> (letlæsningsudgave) Forfatter: Elsebeth Egholm, bearbejdet af Ulla Koch Gregersen (útg. Special-pædagogisk forlag 2008). <b>Fæst í bókabúðum.</b></li> <li>Dönsk-Íslensk-dönsk orðabók að eigin vali. <b>Fæst í bókabúðum.</b></li> </ol>
Dicte (sjónvarpsþættir á Moodle)

### Námsmat og vægi námsþátta:

<b>Matsform:</b>	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Skriflegt prófverkefni	<u>LOKAPRÓF</u> úr textaheftum og málfræði ásamt ólesnum texta <b>ATH.</b> Nemandi þarf að ná 40% árangri á þessu prófi til að vetrareinkunn reiknist til hækkunar	40%	
Skjulte fejl og mangler	3 kaflapróf úr <i>Skjulte fejl og mangler</i>	10%	
	Skriflegt prófverkefni úr <i>Skjulte fejl og mangler</i>	10%	
Skriflegt kynningarverkefni	"En tur til København"	10%	
Vinnueinkunn	Öll önnur skilaverkefni og próf á Moodle	30%	
		<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>


### Annað:

Í hverri viku liggja fyrir leiðbeiningaskjal, verkefnaskjal og lausnaskjal á Moodle.

Í hverri viku vinna nemendur verkefni sem tengjast lesefni í námsheftunum.

Í hverri viku eiga nemendur að vinna nokkur prófverkefni (gagnvirk) og skila verkefni í skilakassa í Moodle (skilaverkefni). Nokkur verkefni eiga nemendur sjálfir að fara yfir og eru lausnir í lausnaskjalinu.

Nemendur hafa hálfan mánuð til að skila verkefnum og það er ekki hægt að skila eftir þann tíma.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 3 af 3	<b>Námsáætlun DANS2OM05 (Fjarnám)</b>	
	<b>Vorönn 2018</b>	


### Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Önnur verkefni/Próf
4	Kennsluhefti: Amanda og Linnea (bls.4) Dansk grammatik: nafnorð/sagnorð	
5	Kennsluhefti: Uddannelsesguide / Jobkompas (bls.8) Dansk grammatik: nafnorð/sagnorð	
6	Kennsluhefti: Vi er stolte at være nordiske (bls.11) Dansk grammatik: sagnorð/lýsingarorð <i>Dicte I</i>	
7	Smásagnahefti: <i>Bankrøveren</i> Dansk grammatik: lýsingarorð Skjulte fejl og mangler, kafli 1-5	
8	Kennsluhefti: En tur til Island (bls.16) Dansk grammatik: lýsingarorð <i>Dicte II</i>	Skjulte fejl og mangler I (1-10)
9	Kennsluhefti: En tur til København (bls.23) Dansk grammatik: lýsingarorð, stigbreyting Skjulte Fejl og mangler kafli 11-15	Skriflegt kynningarverkefni
10	Smásagnahefti: <i>Lige efter planen</i> Dansk grammatik: fornöfn	Skjulte fejl og mangler II (11-20)
11	Kennsluhefti: Se verden med nye øjne (bls.24) Dansk grammatik: fornöfn Skjulte fejl og mangler kafli 21-25	
12	Kennsluhefti: Nippon – solens rige (bls.31) 'Æfingapróf'	Skjulte fejl og mangler III (21-30)
13/14	(Páskahlé) Dansk grammatik: smáorð	Skjulte fejl og mangler (skriflegt verkefni)
15	Smásagnahefti: <i>Mandagsmorderen</i> Dönsk kvikmynd	Kvikmynd
16	Kennsluhefti: Sjovere end at cykle (bls.37) Dansk grammatik: forsetningar, orðasambönd	
17	Upprifjun fyrir próf	

Með fyrirvara um breytingar,

Dagsetning: 16.01.2018

  
Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

